

Akurskóli hefur tileinkað sér Olweusaráætlun gegn einelti og andfélagslegu atferli.

Markmiðið með verkefninu er:

- Að auka þekkingu starfsmanna, nemenda og foreldra á einelti og hugmyndum Olweusar svo bæta megi líðan og velferð nemenda í skólanum.
- Að eineltisáætlun Olweusar verði hluti af hefðbundnu starfi kennara með nemendahópum sem og allra annar starfsmanna í daglegum störfum.

Hlutverk allra starfsmanna grunnskóla er að vera vakandi fyrir líðan og velferð nemenda. Mikilvægt er að allir starfsmenn séu vakandi fyrir einelti. Olweus áætlun gegn einelti og andfélagslegu atferli, er verkefni sem tekur á einelti í skólum og byggir upp góðan starfsanda. Verkefnið hefur verið unnið í mörgum skólum hér á landi og gefið góða raun. Akurskóli hóf undirbúning að eineltisáætlun sinni strax á fyrsta starfsári. Einn liður í þeirri áætlun var að kynna hugmyndafræði Dan Olweusar og hefur teymishópur innan skólans haft það hlutverk. Frekari upplýsingar um Olweusaráætlunina má finna á heimasíðunni, www.olweus.is

